

Þ I N G G E R Ð

9. Þríprautarþings Þríprautarsambands Íslands er fram fór sunnudaginn 30. mars 2025 kl. 09:00 í fundarsal C, 3. hæð í byggingu 3, Engjavegi 6 (ÍSí)

Þríprautarþing fer fram í samræmi við dagskrá samkvæmt lögum sambandsins og þingboði.

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd (Nefndin skal yfirfara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 6. dagskrárliður hefst)
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ
7. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins
8. Kosning kjörnefndar og skipað í starfsnefndir þingsins
9. Ávarp framkvæmdastjóra ÍSí
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld
11. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar
13. Nefndaálit og tillögur
14. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál
15. Önnur mál
16. Álit kjörnefndar
17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr
18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
19. Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttaping ÍSí árið sem Íþróttaping fer fram, skv. lögum ÍSí
20. Þingslit

1. Þingsetning

Valerie Maier forseti setti þingið og bauð gesti velkomna. Jafnframt var óskað eftir athugasemdum við þingboðun. Engar athugasemdir bárust og var boðun þess lýst lögmætt.

Fór yfir dagskrá þingsins.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Lagt var til að Jóhann Ari Jóhannsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Borghildur Ýr Þórðardóttir yrðu tilnefnd í kjörbréfanefnd. Komu engin önnur framboð og voru þau kjörin með atkvæðum allra. Nefndin skal yfirfara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 6. dagskrárliður hefst.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum:

Jóhann Ari Jóhannsson tók til máls og staðfesti að nefndin hafi farið yfir kjörbréf og tilkynnir að 7 aðilar hafi atkvæðarétt:

Breiðablik	Matthildur Stefánsdóttir
Breiðablik	Jón Axelson
3SH	Páll Geir Bjarnason
3SH	Ófeigur Hreinsson
3N	Borghildur Ýr Þórðardóttir
3N	Guðbjörg Jónsdóttir
Ægir3	Jóhann Ari Jóhannsson

3. Kosning þingforseta

Valerie Maier lagði til að Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ yrði þingforseti og var hann kosinn með atkvæðum allra.

4. Kosning þingritara

Ragnar Fjalar Sævarsson var kosinn með atkvæðum allra.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Valerie Maier, forseti ÞRÍ, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir liðið starfsár og þá vinnu sem framundan er í starfi stjórnarinnar:

Í máli Valerie kom fram að 5 virk félög séu starfandi undir Þríprautarsambandinu en bendir á að mögulega sé að bætast við eitt félag á Selfossi.

Valarie Þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf.

Skýrsla stjórnar

INNGANGUR

Þríprautarsamband Íslands (ÞRÍ) var stofnað 27. apríl 2016. Stofnaðilar voru: Sundfélag Hafnarfjarðar (SH), Sundfélagið Ægir, Sundfélagið Vestri, Umf. Breiðablik, Umf. Leifur heppni, Umf. Njarðvík, Umf. Snæfell, Umf. Víkingur og Íþróttafélagið Fjörður.

Virk aðildarfélög á árinu 2024 voru eftirtalin: Sundfélag Hafnarfjarðar (3SH), Umf. Breiðablik, Umf. Njarðvík (3N), Sundfélagið Ægir (Ægir3) og Umf Akureyrar (UFA). Umf. Fjölnir er líka með Þríprautardeild og hefur bjóðið uppá Þríprautaræfingar.

Þríprautarsamband Íslands (ÞRÍ) er sameinandi afl innan Þríprautar á Íslandi og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

ÞRÍ er aðili að Europe Triathlon og World Triathlon. Þríprautarkeppnir á vegum ÞRÍ lúta reglum World Triathlon og ÍSÍ, t.d. lyfjareglum. Allir keppendur frá Íslandi sem keppa í keppnum á vegum Europe Triathlon og World Triathlon eru skráðir í Þríprautarfélag eða deild.

Markmið sambandsins er að efla nýliðun í íþróttinni, styðja ungt og öflugt þríþrautarfólk með alþjóðlegu samstarfi og leggja áherslu á þjálfunarmál og dómgæslu. Stjórnin hefur lagt ríka áherslu á gott samstarf við aðildarfélagin og formenn þeirra.

Þríþrautarþing Þríþrautarsambands Íslands er nú haldið í áttunda skiptið.

FYRIRKOMULAG STIGAKEPPNI OG ÍSLANDSMEISTARAMÓT

Keppnum á vegum ÞRÍ er skipti í fjóra flokka eftir vegalengd: ofursprettþraut, hálf ólympísk (sprettþraut), ólympísk vegalengd og hálfur járnmaður samkvæmt reglugerð um stigakeppni ÞRÍ. Stigagjöf fyrir hverja keppni er 50 stig fyrir sigur, 40 stig fyrir annað sæti o.s.frv. Besti árangur í 5 bikarkeppnum taldi í stigakeppninni 2024.

Auk þess voru haldnar byrjendakeppnir og sérstaklega haldið utan um þau stig.

Íslandsmeistaramót í ólympískri þríþraut var haldið af Ægi og fór fram á Laugarvatni.

Íslandsmeistaramót í ofursprettþraut sem halda átti í Reykjanesbæ í lok ágúst féll niður vegna veðurs og ekki var unnt að finna nýja tímasetningu.

KEPPNISTÍMABILÍÐ 2024

Keppnisdagskrá fyrir árið 2024 var kynnt í nóvember 2023 og var keppnistímabilið frá maí til ágúst. Dagskáin 2024 var eftirfarandi:

12. maí. Kópavogsþraut, Breiðablik, ofursprettþraut (1.bikar)

26. maí. Sprettþraut Hafnarfjörður, 3SH (2.bikar)

6. júlí. Ólympísk þraut Laugarvatni, Ægir (Íslandsmót og 3.bikar)

27. júlí. Norðurljósaþríþraut, UFA, Akureyri, sprett(4.bikar)

11. ágúst. Sprettþraut Selfossi, ÞRÍ (5.bikar)


31. ágúst. Ofursprettþraut 3N (Íslandsmót og 6.bikar) - Féll niður

ÞRÍ hélt óformlegt rafhjólsmót á Zwift í desember sem var hluti af þríþraut sem saman stóð af Þorláksmessusundi Breiðabliks, Gamlaárshlaupi ÍR og Zwiftmótinu, mótið tókst vel til en 23 tóku þátt. Ekkert þátttökugjald var í hjólakeppnina.


Haldin var þríþrautakeppni í annað skipti á Selfossi og þótti keppnin takast vel, stefnt er að því að endurtaka þá keppni 2025 og í skoðun er að stofna þríþrautafélag á staðnum og auka þannig þríþrautastarf á landsbyggðinni.



ÞÁTTTAKA Í KEPPNUM UNÐANFARIN ÁR




Um 10 % aukning var í þátttöku í keppnum ársins sem jákvætt í ljósi þess að ein keppni féll niður. Sérlega ánægjulegt er að sjá aukninguna í Norðurljósprautinni en um 7 krakkar tóku þátt í ungmennaflokki þar. Aukningu í Kópavogspraut má einnig rekja til fjölgunar í ungmennaflokki en 22 krakkar og unglingar tóku þátt.



ÖNNUR MÓT

KRAKKAPRÍPRAUT 3SH 26. MAÍ 2024

Þrautin fór fram 26. maí í Hafnarfirði og tóku um 80 börn þátt í keppninni. Keppnin var eins og alltaf skemmtileg og er mikilvæg kynning á þrípraut fyrir aldurshópið 5-15 ára. Öll börn fengu bol og tösku með logo ÞRÍ og 3SH. Sérstakar þakkir til Steffi og Torben Gregersen og 3SH fyrir að halda þessa vinsælu keppni. Keppnin var fjármögnuð með aðstoð ÞRÍ úr þróunarsjóði Europe Triathlon.



ÖNNUR MÓT

Heiðmerkurtvíðbraut Ægis var felld niður vegna of hárra leyfisgjalda til að fá að halda þrautina í Heiðmörk.

Önnur þríbrautar tengd mót eins og Álmaðurinn á Akranesi og Bláfjallapríbrautin voru ekki haldin í ár. Ljóst er að hækkandi kostnaður við mótahald og erfiðleikar við að fá sjálfbærliða til starfa hafa gert mótshöldurum erfitt fyrir og er það eitthvað sem að þríbrautahreyfingin þarf að takast á við í sameiningu.

VIÐURKENNINGAR

Uppskeruhátíð sambandsins var haldin í húsnáðinum ÍSÍ þann 14. nóvember 2024 og viðurkenningar veittar fyrir stigahæstu konu og karl, nýliða ársins 2024 og stigahæsta félag.

Íslandsmeistarar árið 2024 voru:

Kristín Laufey Steinadóttir og Sigurður Örn Ragnarsson í ólympískri þríbraut.

Íslandsmótið í ofursprettþraut féll niður í ár eins og áður segir.



BIKARMEISTARAR ÁRSINS 2024

Veittar voru viðurkenningar fyrir þrjú stigahæstu þríbrautarkonur og karla.

Bikarmeistari kvenna var Kristín Laufey Steinadóttir Ægi með 190 stig, í öðru sæti var Brynja Dögg Sigurpálsdóttir Ægi með 138 stig og jafnar í þriðja sæti með 122 stig voru Sædís Björk Jónsdóttir og Bjarkey Jónasdóttir báðar úr Ægi. Bikarmeistari karla var Sigurður Örn Ragnarsson, Breiðabliki með fullt hús stiga 200 stig, í öðru sæti var Geir Ómarsson, Ægi með 130 stig og jafnir í þriðja sæti með 120 stig voru Finnur Björnsson Ægi og Stefán Karl Sævarsson Breiðabliki.

NÝLIDAR ÁRSINS 2024

Nýliðar ársins 2024 voru Bjarkey Jónasdóttir Ægi og Stefán Ólafsson Ægi.

Bjarkey keppti í öllum mótum ársins og hafnaði í 3ja sæti í stigakeppni ársins. Stefán keppti í fjórum af fimm mótum ársins og tók auk þess þátt í hálfum jörnmanni í Þýskalandi þar sem að hann fór brautina á 4 tímum og 48 mínútum.



ÞRÍPRAUTARKONA OG ÞRÍPRAUTARMAÐUR ÁRSINS 2024

Þríprautarkona ársins 2024 var Guðlaug Edda Hannesdóttir, Breiðablik og þríprautarmaður ársins 2024 var Sigurður Örn Ragnarsson, Breiðablik.



Guðlaug átti magnað ár sem hófst með keppnisferð til Afríku og Asíu. Þar náði hún glæsilegum árangri. Guðlaug sigraði í Asíubikarmóti í Nepal, lenti í öðru sæti í Asíumóti á Filipseyjum og endaði svo á því að hreppa bronsverðlaun í Osaka í Japan. Þessi árangur tryggði henni Universality sæti á Ólympíuleikunum í París með aðstoð World Triathlon og ÍSí. Guðlaug var þar með fyrsti Íslendingurinn til keppa og klára þrípraut á Ólympíuleikum.

Í París fékk Guðlaug þann heiður að vera fánaberi Íslands. Í keppninni sjálfri lenti Guðlaug í óhappi þar sem hún datt á hjólinu en Guðlaug kláraði keppnina af harðfyllgi og endaði í 51. Sæti.

Sigurður hafði yfirburði í keppnum ársins og sigraði hann í öllum þeim keppnum sem hann tók þátt í. Sigurður tók að sér þjálfun Guðlaugar í aðdraganda Ólympíuleika og átti stóran þátt í að koma Guðlaugu inn á leikana. En Sigurður ferðaðist með Guðlaugu í keppnirnar í Asíu og Afríku.

STIGAKEPPNI ÞRÍÞRAUTARFÉLAGA

Einnig voru veitt viðurkenning í stigakeppni félaga. Ægir sigraði í stigakeppninni með 2734 stig, Breiðablik var í öðru sæti með 1123 stig og 3SH í þriðja sæti með 385 stig.

Unnið að breyting á reglugerðin stigakeppni 2025.

SJÁLFBODALIDI ÁRSINS

Stefanie og Torben Gregersen fengu sérstaka viðurkenningu frá ÞRÍ sem sjálfbóðaliðar ársins á uppskeruhátíð ÞRÍ. Torben og Steffi fengu viðurkenninguna fyrir að hafa skipulagt og haldið Krakkaþríþrautina í Hafnarfirðinum í fjölda ára en þau hafa bæði verið virk í þríþrautinni sem keppendur dómarar og sjálfbóðaliðar á öðrum viðburðum.



LÁGMARKSKRÖFUR TIL ÞÁTTTÖKU Í WORLD TRIATHLON MÓTUM Í MEISTARAFLOKKI

Þríþrautarsambandi Íslands gerir kröfu um eftirfarandi lágmark (B-lágmark) til þátttöku í meistaraflokki í mótum á vegum World Triathlon (á triathlon.org):

Hlaup karlar: 5 og 10 km: 16:30 og 33:50.

Hlaup konur: 5 og 10 km: 19:10 og 39:10

Sund karlar: 800m sundlaug: 9:35

Sund konur: 800m sundlaug: 10:05

Sjá nánar afreksstefnu ÞRÍ 2022-2025:

<https://triathlon.is/upplýsingar/afreksstefna/>

Afreksstefnan mun vera endurskoðuð á þessu ári.

ALÞJÓÐLEGAR KEPPNIR

Íslendingar kepptu víða erlendis á árinu. Katrín Pálsdóttir keppti á Evrópumeistaramótinu í tvíþraut (sund-hjól) í Combria í Portúgal þar sem hún sigraði sinn aldursflokk glæsilega. Katrín keppti einnig í utanvegabíþraut (Cross Triathlon) þar sem hún sigraði einnig sinn flokk.



6 Íslendingar kepptu í hinum ýmsu aldursflokkum á heimsmeistaramótinu í sprett og ólympískri þríþraut í Torremelinos á Spáni í október og stóðu sig með þrýði. Tveir Íslendingar komust á topp 10 í sínum flokki en Stefán Karl Sævarsson Breiðablik kláraði fyrstur Íslendinga á tímanum 2:10:33 og hafnaði 9. sæti í flokki 40-44 ára aldursflokki en Geir Ómarsson Ægi kláraði á tímanum 2:11:52 og hafnaði í 8. sæti í flokki 45-49 ára.



Ísland átti 3 fulltrúa á heimsmeistaramótinu í járnmann (e. Ironman) sem haldin var í Nice í Frakklandi. Ásta Reynisdóttir Parker kom fyrst Íslendinga í mark á tímanum 12:55:13 en hún keppti í flokki 50-54 ára, næst kom Kristín Laufey Steinadóttir Ægi á tímanum 14:28:45 en hún var í flokki 40-44 ára og Kristín Magnúsdóttir Breiðabliki var á tímanum 15:58:14 en hún er í flokki 65-69 ára. Mjög vel gert hjá þeim öllum í þessari erfiðu braut.



Trausti Valdimarsson Ægi keppti einn Íslendinga á heimsmeistaramótinu í hálfum járnmanni sem haldin var í Nýja-Sjálandi og hafnaði hann í 38. Sæti í flokki 65-69 ára.

Í september tóku stór hópur Íslendinga þátt í ólympískri þríþraut og hálfum járnmanni í Erkner í Þýskalandi. Að venju stóð íslenski hópurinn sig vel. Kári Steinn Karlsson hafnaði í öðru sæti á aldursflokki 18-24 ára í ólympísku þrautinni en hann varð í 8. sæti í heildina og Trausti Valdimarsson Ægi öðru sæti á aldursflokki 65-69 ára í hálfum járnmanni.

STJÓRN ÞRÍ

Á þingi Þríþrautarsambandsins 2024 voru eftirfarandi kjörin í stjórn:

Valerie Maier sem forseti ÞRÍ og Ragnar Sævarsson og Jón Axelsson sem stjórnarmenn til tveggja ára..

Að auki sátu áfram Margrét Magnúsdóttir og Sveinn Símonarson sem voru kosin voru 2022 til tveggja ára, enn því miður hættu þau í stjórn 2024 af personlegum ástæðum.

Þá voru Rósfrið, Jon Orri og Katrín Pálsdóttir voru kosin sem varamenn til eins árs.

STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru sjö stjórnarfundir á starfsárinu. Fundir voru haldnir með hefðbundnu sniði eða í gegnum fjarfunda búnað.

Á fyrsta stjórnarfundinum skipti stjórnin með sér verkum. Sveinn Símonarson var kjörinn gjaldkeri og Ragnar Sævarsson ritari. Ákveðið var að boða alltaf bæði aðalmenn og varamenn á fundi. Fundagerðir ÞRÍ eru aðgengilegar á heimasíðu.

Þar af auki voru 2024 fimm nefndir starfræktar:

- Dómaranefnd (formaður: Margrét Magnúsdóttir)
- Fræðslu- og útbreiðslunefnd (formaður Katrín Pálsdóttir)
- Afreksnefnd (formenn: Sveinn Símonarson)
- Mótanefnd (formaður: Jose Jorge)
- Siðanefnd (formaður: Ingi B. Poulsen)

Nefndirnar skiluðu af sér reglugerðum á árinu sem eru aðgengilegar á <https://triathlon.is/upplýsingar/log-thri-og-reglugerdir/>.

Verkefnalisti stjórnar á árinu 2024 fól í sér hefðbundin stjórnarstörf samkvæmt lögum ÞRÍ. Stjórnarmeðlimir komu einnig með einum eða öðrum hætti að eftirfarandi vinnu á árinu:

- Dómaramenntun
- Alþjóðasamskipti
- Stuðningur og samskipti við Guðlaug Eddu Hannesdóttir
- Unglingaþríþraut
- Breytingar á reglum
- Stefnumótun

FORMANNAFUNDIR

Haldnir voru tveir fundir með formönnum aðildarfélaga á árinu. Á þeim fundum hefur ýmislegt verið rætt og hefur samstarfið verið mjög gott.

AFREKSSJÓÐUR

Þríþrautarsamband Íslands (ÞRÍ) flokkast sem þróunarsérsamband samkvæmt flokkun Afrekssjóðs ÍSÍ. Heildarstyrkveiting sjóðsins fyrir 2024 til ÞRÍ vegna verkefna ársins var 3.600.000 kr.

ALÞJÓÐASTARF

Núverandi formaður stjórnar Þríþrautarsambandsins og starfsmaður ÞRÍ sóttu formannafund (presidents conference) á vegum Europe Triathlon í Prag, Tékklandi. Þar að auki sótti formaður ÞRÍ formannafund á vegum Europe Triathlon í Vichy og World Triathlon í Torremelinos á Spánni þar sem ný stjórn World Triathlon var kosin. Samstarf við stjórnarmenn og starfsmenn Europe Triathlon og World Triathlon hefur verið mjög gott á árinu og mikilvægt til að halda góðri tengingu við alþjóðlegt þríþrautastarf.

ÞRÍ hefur meðal annars fengið styrki frá Europe Triathlon developmental program og ÞRÍ fékk 2.500 evrur fyrir starfsárið 2024 fyrir þrjú verkefni tengs barna og unglíngastarfið.

HÆFILEIKAMÓTUN

Mikill þörf fyrir ÞRÍ er að vinna að frekari útbreiðslu á þrípraut til að höfða til ungs fólks.

Í Nóvember 2022 var Ragnar Guðmundsson ráðinn til starfa hjá sambandinu. Ragnar hefur víðtæka þekkingu á uppbyggingu unglingastarfs frá Danmörku þar sem Ragnar býr og hefur búið til fjölda ára. Ragnar hefur m.a. heimsótt þríprautafélög í Danmörku og kynnt sér þeirra barna- og unglingastaf og hefur haldið fjölda funda með þríprautafélögum hér á landi.

Ragnar er með leyfi að kenna námskeið um Active Skills for Life, sem er kennsluefni fyrir þjálfara frá breska þríprautasamband og hefur haldið 2 námskeið á árinu. Hann hélt þríprautarkeppni fyrir skóla á Akureyri sem gekk gríðarlega vel og sumarnámskeið fyrir unglinga.

MARKAÐSMÁL

Í lok árs samþykkti stjórn ÞRÍ að veita félögum markaðsstyrk að upphæð 100.000 kr. til að kynna betur starf sitt.

DÓMARAMENNTUN

ÞRÍ er með 12 dómara og fimm þeirra eru komin með alþjóðleg þríprauta dómara réttindi frá World Triathlon.

ÞJÁLFAFARMENNTUN

ÞRÍ er nú með 4 þjálfara með alþjóðlega þríprauta þjálfara menntun samþykkt af World Triathlon, þrír eru með fyrsta stig (e. Level 1) og einn með annað stig (e. level 2). Stefnt er að því að senda fleiri þjálfara á námskeið 2025.

FJÁRHAGUR

Fjallað verður sérstaklega um fjárhag í næsta dagskrárlið svo ekki verður gerð frekari grein fyrir honum hér

ÞAKKIR

Formaður stjórnar þakkar samstjórnarmönnum öllum kærlega fyrir vinnu þeirra. Stjórnin þakkar einnig formönnum og stjórnnum félaga fyrir mjög gott samstarf. Stjórnin þakkar einnig endurskoðendum reikninga fyrir þeirra framlag. Með von um gott þríprautarsumar 2025.

Fyrir hönd stjórnar Þríprautarsambands Íslands,

Valerie Helene Maier

forseti

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ

Ársreikningur ársins 2024 var lagður fram á þinginu. Þar sem Sveinn Símonarson gjaldkeri hefur hætt í stjórn fór Geir Ómarsson yfir reikninga ÞRÍ sem eru undirritaðir af skoðunarmönnum. Í máli Geirs kom fram að rekstrartekjur voru örlítið hærri en á fyrra ári eða sem nemur 1.500.000 kr. Rekstrargjöld eru mun lægri eða sem nemur 15.000.000 kr sem skýrist fyrst og fremst af lægri lækni- og þjálfunarkostnaði ásamt lægri kostnaði vegna fagteymis. Tap ársins var rétt um 600.000 kr. Eignir eru umfram skuldir, rúmlega 5.392.601 kr.

Reikningar voru bornir undir þingið og samþykktir með atkvæðum allra.

7. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Fram fór umræða um reikninga sambandsins.

Kosið og samþykkt samhljóða

8. Kosning kjörnefndar og skipað í starfsnefndir þingsins

Hafsteinn Pálsson lagði til að þessi liður yrði færður til og tekinn fyrir eftir liðinn „Önnur mál“ og þá gert 5-10 mínútna hlé til að skipa kjörnefnd.

9. Ávarp framkvæmdastjóra ÍSÍ

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti ræðu og fór yfir starf ÍSÍ á síðasta ári og talaði um áskoranir sem ung sérsambönd eins og ÞRÍ þyrfu að glíma við. Hann talaði um aukna áherslu stjórnvalda á lýðheilsu og í því fælust tækifæri fyrir ÞRÍ og hvatti sambandið til að hugsa út fyrir kassann í þessu sambandi. Hann talaði líka um ákveðið lágmark þegar kemur að fjölda félaga undir sérsamböndum. Hann sagði að ÍSÍ væri með fjölmörg verkefni í gangi og þar gætu falist tækifæri fyrir ÞRÍ. Hann nefni líka skráningu á Almannaheillaskrá en félög sem eru skráð þar þurfa ekki að borga fjármagnstekjuskatt. Hann hvatti til samvinnu á milli sérsambanda og á milli ÍSÍ og sérsambanda. Að lokum óskaði hann ÞRÍ til hamingu með þingið og óskaði þeirri stjórn sem nú tekur við alls hins besta.

10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld

Geir Ómarsson framkvæmdastjóri ÞRÍ, lagði fram og fjallaði um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 liggur fyrir. Mikil aukning í styrk í afrekssjóð ÞRÍ. Gert er ráð fyrir tekjum að upphæð tæplega 21.345.317 kr og að starfið verði rekið þannig að ekki verði verulegt tap á árinu. Gert er ráð fyrir að rekstargjöldin verði 22.000.000 kr á árinu 2025. Þetta þýðir að áætlun gerir ráð fyrir smávægilegu tapi að upphæð 654.683 kr á árinu.

Ekki var lögð fram tillaga um breytingar á félags- og keppnisgjöldum.

Andri Stefánsson benti á að rúm 80% af tekjum ÞRÍ er að koma frá ÍSÍ og sagði það allt of hátt hlutfall.

Samþykkt með atkvæðum allra.

11. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.

12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Engar tillögur eða önnur mál bárust fyrir fundinn.

13. Nefndaálit og tillögur

Engin nefndaálit og engar tillögur voru bornar fram og því fellur þessi liður niður.

14. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram og engin önnur framkomin mál.

15. Önnur mál

Engin önnur mál hafa verið lögð fram.

16. Álit kjörnefndar

Í nefnd voru kosnir Geir Ómarsson Ægi, Jón Axelsson Breiðablik og Páll Geir Bjarnason 3SH. Geir sagði frá frambjóðendum til stjórnar 2025.

Frá fyrra ári sitja áfram þau Valerie Maier, Ragnar Fjalar Sævarsson og Jón Axelsson í aðalstjórn en þau voru til tveggja ára í fyrra. Framboð til stjórnar næstu tvö árin voru jafn mörg og þau sæti sem voru laus.

Hörður sigurðarson Breiðablik
Elísabet Einarsdóttir Ægi

Samþykkt með atkvæðum allra.

Framboð til varastjórnar voru jafn mörg og þau sæti sem voru laus:

Rósfríð Kristínu Norður
Katrín Pálsdóttir 3SH
Sigríður Hallgrímsdóttir Ægi

Samþykkt með atkvæðum allra.

17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr

Kosið var um tvö sæti aðalmanna til tveggja ára og eitt sæti varamanna til eins árs.

Tilnefnd voru þau:

Hörður sigurðarson Breiðablik

Elísabet Einarsdóttir Ægi

Varastjórn:

Rósfríð Kristínu Norður

Katrín Pálsdóttir 3SH

Sigríður Hallgrímsdóttir Ægi

Til setu í stjórn í tvö ár voru í framboði þau Valerie Maier, Ragnar Fjalar Sævarsson og Jón Axelsson og voru þau öll sjálfkjörin.

Nefndir:

Siðanefnd: Ingi Poulsen

Mótanefnd: Jose Jorge

Dómaranefnd: Margrét Magnúsdóttir

Afreksnefnd: Sigurður Örn Ragnarsson

Útbreiðslunefnd: Grisha Liebel

Samþykkt samhljóða

18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnar Björg Kjartansdóttir og Halldóra Matthíasdóttir Proppé.

Samþykkt samhljóða

19. Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttaping ÍSÍ árið sem Íþróttaping fer fram, skv. lögum ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ er á tveggja ára fresti og samþykkt var að vísa þessu til stjórnar.

Samþykkt samhljóða

20. Þingslit

Forseti tók til máls og þakkaði fyrir gott þing.

Að lokum sleit þingforseti þinginu.

Þingslit voru kl. 11:xx